



## Fundargerð 5. stjórnarfundar

starfstímabilið 2010-2012

Fundurinn var haldinn fimmtudaginn 8. júlí 2010, í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal og hófst kl. 17:00.

Mættir voru eftirtaldir stjórnarmenn: Stefán Halldórsson, Benóný Jónsson, Hannes Strange, Sigurður Ingvarsson, Einnig sat Jónas Egilsson framkvæmdastjóri fundinn. Unnur Sigurðardóttir var stödd erlendis.

Formaður setti fund og stjórnaði.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
2. Fjárhagsmál.
  - a. Nýjir samstarfssamningar lagði fram: Toyota, Íþróttadeild RUV og auglýsingadeild RUV (drög), Actavis, Valitor, Vodafone. Fleiri samstarfsaðilar eru í skoðun.
  - b. Fjárhagsstaðan og fjáröflunarpörf. Lottótekjur standa nokkurn veginn undir rekstri sambandsins, fyrir utan viðburði og þátttöku í alþjóðlegum mótum. Kostnaður vegna móta og gamlar skuldir eru ca. 7.5 m.kr. en á móti eru útistandandi kröfur.
  - c. Útgáfa á frjálsíþróttablaði. Efni og annar undirbúningur, framhald umræðu frá síðasta fundi. Tillaga að ritnefnd skipi formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri. Samþykkt. Söfnun auglýsingatekna gengur hægt, en samt gert ráð fyrir að blaðið standi undir sér. Samþykkt að bjóða sambandsaðilum að senda inn efni, þ.e. stuttar greinar með mynd.
  - d. Umsókn til ÍSÍ vegna aukins kostnaðar við þátttöku á mótum erlendis. Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að senda bréf til ÍSÍ og fara fram á endurskoðun styrkveitinga vegna landsliðsverkefna, vegna fyrirsjáanlegs hærri kostnaðar við þessi verkefni þar sem fleiri keppendur eru að ná lágmarkum á stórmót.
3. Íþrótt- og mótamál.
  - a. HM unglinga 19 ára og yngri í Moncton í Kanada. Fyrir liggur tillaga frá ÍÞA um að þeir sem hafa náð tilsettum lágmarkum verði valdir til keppni. Samþykkt. Einnig samþykkt að ath. hvort IAAF sé tilbúið að borga fyrir tvo einstaklinga af sama kyni, en skv. núgildandi ákvörðun er einungis borgað fyrir karl og konu eða bara einn einstakling. Samþykkt að Guðrún Ingólfssdóttir verði fararstjóri.
  - b. Evrópumeistaramótið í Barselóna. Tillaga ÍÞA að allir þeir sem hafa náð lágmarkum verði valdir til keppni. Samþykkt. Sjö keppendur hafa náð lágmarksárangri, en líklegt að einn fari ekki vegna meiðsla. Framkvæmdastjóri verður liðsstjóri. Formaður og framkvæmdastjóri munu sækja NV-Evrópufund sem haldinn verður í Barselóna auk annarra funda sem haldnir eru í tengslum við mótið.
  - c. Evrópubíkar 2010. Skýrsla aðalfararstjóra lögð fram.
  - d. Þátttaka í Evrópubíkarkeppni í fjölþrautum. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir árangri á mótinu.
  - e. NM unglinga á Akureyri. Undirbúningur gengur vel. Íslenska liðið gistir á Bjargi í boði Aðalbjargar Hafsteinsdóttur og Ólafs Óskarssonar.
  - f. Skólaþríþrautin – úrslitakeppnin 4. júní sl. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir framkvæmd og úrslitum. Einnig fór hann yfir þátttöku okkar fólks í Gautaborgarleikunum sem eru verðlaun sigurvegara í einstökum flokkum. Fararstjóri FRÍ var Þórunn Erlingsdóttir. Skýrsla hennar vegna ferðarinnar var lögð fram.



- g. Bikarkeppni FRÍ 1. deild. Samþykkt að auglýsa eftir þátttöku í 1. og 2. deild og framkvæmdaaðilum 2. deildar. Keppnin í 1. deild fer fram á Sauðárkróki 13. og 14. ágúst nk. Dregið verður um töfluröð þegar fyrir liggur hvaða lið munu taka þátt.
4. Stjórnarmenn á mótum FRÍ. Samþykkt að fela einstökum stjórnarmönnum að vera fulltrúar á mótum FRÍ. Framkvæmdastjóri lagði fram lista yfir mót FRÍ og mögulega fulltrúa stjórnar á mótunum.
5. Siðareglur FRÍ lagðar fram. Samþykkt að óska eftir athugasemdum frá sambandsaðilum o.fl.
6. Ýmis mál.
  - a. Meistaramót Íslands í heilu- og hálfu maraþoni. Samþykkt að MÍ í heilu maraþoni fari fram samhliða Reykjavíkumaraþoni og í hálfu samhliða Brúarhlaupinu á Selfossi.
  - b. Umsókn um styrk frá Þórunni Erlingsdóttur vegna þjálfaranámskeiðs í haust. Samþykkt að styrkja hana sem svarar um helming kostnaðar.
  - c. Norrænn fundur í tengslum við EM í Barselóna verður helgaður NV-Evrópusamstarfinu. Ísland er í forsvari fyrir þessu samstarfi á þessu ári.
  - d. Möguleikar á að halda Evrópubikarkeppnina hér á landi 2011. Formaður ræddi möguleika á að halda þetta mót hér að ári. Samþykkt að sækja um þetta mót til EAA.
  - e. Samstarf við þríprautarmenn. Formaður ræddi möguleika á samstarfi við þríprautarmenn (sund, hjólreiðar og hlaup). Ákveðið að ræða við forsvarsaðila þeirra.
  - f. Drög að uppgjöri vegna RIG 2010 lagt fram.
  - g. Fundir með sambandsaðilum. Formaður gerði grein fyrir hugmynd um fund með sambandsaðilum í kjölfar tæknifundar á komandi Meistaramóti. Samþykkt að efna til fleiri funda af þessu tagi.
  - h. Íþróttamaður júnímánaðar. Hugmynd ÍÞA um að kjósa frjálsíþróttakarlf og konu mánaðarins hefur fengið góðar undirtektir. Formanni og framkvæmdastjóra falið að ath. með viðurkenningar.
  - i. Árangur þátttöku blaðamanns í Möltuferð. Einum blaðamanni var boðið með til Möltu með landsliðinu. Mjög góð reynsla var af þessu verkefni og stefnt að halda því áfram.
  - j. Kosning í íþróttamannanefnd fer fram á Meistaramótinu um helgina. Framkvæmdastjóri sér um framkvæmd.
7. Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 12. ágúst.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:15.

Sigurður Ingvarsson,

Jónas Egilsson.